



Vefrit samgönguráðuneytis
2. tbl. apríl 2005

samferd.is

FJARSKIPTAMÁL GRUNNET FJARSKIPTA

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að hefja sölu á hlutabréfum í Landssíma Íslands hf, samkvæmt tillögu Framkvæmdanefndar um einkavæðingu.

Síminn er að nær öllu leyti í eigu ríkisins og þar með eign íslensku þjóðarinnar. Því er mikilvægt að vel takist til og að landsmenn fái sem best verð fyrir þessa eign sína. Jafnframt verður að ganga svo frá málum að Íslendingar njóti skilvirkrar, öruggrar og síðast en ekki síst hagkvæmrar fjarskiptaþjónustu.

Samkeppnisaðilar Símans hafa lýst efasemdum um að þessari sameign þjóðarinnar verði skipt upp í tvær eða fleiri einingar og seld þannig. Umræðan hefur jafnframt snúist um að hluti af Símanum verði áfram í ríkiseign.

Það er mat stjórnvalda að þessar leiðir hefðu í för með sér lægra söluverð fyrirtekisins auk hættu á óhagkvæmari og lakari fjarskiptaþjónustu í framtíðinni.

Í skýrslu Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) um aðskilnað grunnnetna (e. local loop) frá annarri starfsemi símafyrirtækja ([3. NOV 03](#)) komast höfundar að þeirri megin-niðurstöðu að áhætta fylgi því að skipta rekstrareiningum upp á þann veg, ávinningur sé takmarkaður, mjög óviss og getgátukenndur. Jafnvel megi gera ráð fyrir tilfinnan-legum kostnaði og óhagstæðum áhrifum á uppbyggingu neta.

Í þessu riti er í fyrsta lagi leitast við að skýra hvers vegna stjórnvöld hafa kosið að selja Símann í heilu lagi. Í öðru lagi verður leitast við að upplýsa um hvað muni ekki breytast við einkavæðingu Símans.

Og að síðustu verður varpað ljósi á þróun og framtíðarstefnumörkun í fjarskiptamálum sem ráðuneytið mun á næstunni kynna í nýrri fjarskiptaáætlun fyrir árin 2005-2010.

AÐ FINNA UPP HJÓLID

Umræða um aðskilnað dreifinets og þjónustu er engan vegin ný af nálinni. Á síðustu tveim áratugum hefur svipuð umræða farið fram í flestum Evrópuríkjum samfara einkavæðingu símamálastofnana þar. Hvergi hefur sú leið verið farin að aðskilja grunnnetið** frá annarri starfssemi.

Í áðurnefndri skýrslu Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu taka höfundar afdráttarlausu afstöðu gegn aðskilnaði. Þeir benda á að það sé langt frá því auðvelt að útfæra slíkan aðskilnað og að engin góð fordæmi finnist sem styðji þá tilhögun. Of mörgum álitamálum og of mörgum spurningum sé ósvarað, auk þess sem mikil óvissa ríki um hverju það myndi skila.

Bent er á að umtalsverð vandamál gætu hlotist af því að samræma fjárfestingar á milli fyrirtækis, sem héldi sérstaklega utan um grunnnetið, og annarra fyrirtækja á fjarskiptamarkaði. Í versta falli gætu þau vandkvæði tafið eða hindrað uppfærslu á fjarskiptanetum. Þá er bent á að ávinningur neytenda sé óljós. Ef samkeppni eykst töluvert, gæti verð lækkað, og nýsköpun og gæði þjónustunnar aukist. Ekki sé þó hægt að færa sönnur á að sú verði raunin.

Líkur séu á því að sá mikli kostnaður sem mundi falla til vegna aðskilnaðar grunnnetsins fari út í verðlagið og leiði til hærra þjónustuverðs.

Í skýrslu OECD er einnig vikið að vandkvæðum sem gætu skapast ef eignarhald grunnnetsins væri á sameiginlegu forræði fjarskiptafyrirtækja á markaði. Bent er á að eigendur slíks fyrirtækis hefðu sameiginlega hagsmuni af því að aftra aðgangi nýrra aðila inn á markaðinn, auk þess byði slíkt eignarhald upp á hættu á samráði eigendanna. Að síðustu er bent á að eignarhald margra fyrirtækja á grunnneti gæti leitt til stjórnunarvanda og komið niður á rekstri og stefnumörkun hjá fyrirtækinu.

Markmið íslenskra stjórnvalda með sölu á hlut sínum í Símanum eru skýr það er að auka samkeppni á fjarskiptamarkaði enn frekar og bæta hag allra landsmanna.



**Að gefnu tilefni er rétt að taka fram að hugtakið grunnnet hefur hvergi verið skilgreint, hvorki í fjarskiptalögum né í tilskipun Evrópusambandsins.

HVAÐ BREYTTIST?

FYRIR SÖLU SÍMANS	EFTIR SÖLU SÍMANS
ALLIR LANDSMENN HAFA AÐGANG AÐ TALSÍMAÞJÓNUSTU Á SAMA VERÐI UM LAND ALLT ¹	ALLIR LANDSMENN HAFA AÐGANG AÐ TALSÍMAÞJÓNUSTU Á SAMA VERÐI UM LAND ALLT
ÖLL HEIMILI Í LANDINU EIGA RÉTT Á 128 KB GAGNAFLUTNINGSPJÓNUSTU Á SAMA VERÐI - UM LAND ALLT ²	ÖLL HEIMILI Í LANDINU EIGA RÉTT Á 128 KB GAGNAFLUTNINGSPJÓNUSTU Á SAMA VERÐI - UM LAND ALLT
MARKAÐURINN SÉR HAG Í AÐ VEITA FJARSKIPTAÞJÓNUSTU TIL 90%-98% LANDSMANNA ÞAÐ ER HLUTVERK STJÓRNVALDA AÐ TRYGGJA AÐ ALLIR FÁI FJARSKIPTAÞJÓNUSTU ³	MARKAÐURINN SÉR HAG Í AÐ VEITA FJARSKIPTAÞJÓNUSTU TIL 90%-98% LANDSMANNA ÞAÐ ER HLUTVERK STJÓRNVALDA AÐ TRYGGJA AÐ ALLIR FÁI FJARSKIPTAÞJÓNUSTU
FJARSKIPTAFYRIRTÆKI EIGA RÉTT Á AÐ LEIGJA HEIMTAUG TIL NOTENDA AF FYRIRTÆKJUM SEM TELJAST MEÐ MARKAÐSRÁÐANDI STÖÐU ⁴	FJARSKIPTAFYRIRTÆKI EIGA RÉTT Á AÐ LEIGJA HEIMTAUG TIL NOTENDA AF FYRIRTÆKJUM SEM TELJAST MEÐ MARKAÐSRÁÐANDI STÖÐU
REKSTRARADILUM FJARSKIPTANETA ER SKYLT AÐ HLEYPA KEPPNINAUTUM AÐ NETUM SÍNUM. GJALDTAKA MIÐAST VIÐ KOSTNAÐ AUK HÆFILEGRAR ÁLAGNINGAR ⁵	REKSTRARADILUM FJARSKIPTANETA ER SKYLT AÐ HLEYPA KEPPNINAUTUM AÐ NETUM SÍNUM. GJALDTAKA MIÐAST VIÐ KOSTNAÐ AUK HÆFILEGRAR ÁLAGNINGAR
FARSÍMAFYRIRTÆKI EIGA RÉTT Á AÐGANGI AÐ FARSÍMANETUM ANNARRA FYRIRTÆKJA ÞEGAR EKKI VERÐUR RÁÐIST Í UPPSETNINGU OG REKSTUR FARSÍMASTÖÐVA ⁶	FARSÍMAFYRIRTÆKI EIGA RÉTT Á AÐGANGI AÐ FARSÍMANETUM ANNARRA FYRIRTÆKJA ÞEGAR EKKI VERÐUR RÁÐIST Í UPPSETNINGU OG REKSTUR FARSÍMASTÖÐVA
LANDSMENN EIGA AUÐVELT MEÐ AÐ FLYTJA VIÐSKIPTI SÍN TIL ANNARRA FJARSKIPTAFYRIRTÆKJA ENDA KALLAR SLÍKUR FLUTNINGUR EKKI Á NÝTT SÍMANÚMER ⁷	LANDSMENN EIGA AUÐVELT MEÐ AÐ FLYTJA VIÐSKIPTI SÍN TIL ANNARRA FJARSKIPTAFYRIRTÆKJA ENDA KALLAR SLÍKUR FLUTNINGUR EKKI Á NÝTT SÍMANÚMER
AÐGANGUR EINSTAKLINGA OG FYRIRTÆKJA Á MARKAÐINN ER AUÐVELDUR, T.D. ER EKKI KRAFIST REKSTRARLEYFIS TIL AÐ STUNDA FJARSKIPTASTARFSEMI ⁸	AÐGANGUR EINSTAKLINGA OG FYRIRTÆKJA Á MARKAÐINN ER AUÐVELDUR, T.D. ER EKKI KRAFIST REKSTRARLEYFIS TIL AÐ STUNDA FJARSKIPTASTARFSEMI
PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN OG SAMKEPPNISSTOFNUN STANDA VÖRÐ UM HAGSMUNI NEYTENDA ⁹	PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN OG SAMKEPPNISSTOFNUN STANDA VÖRÐ UM HAGSMUNI NEYTENDA

Tölustafir í römmunum vísa til viðauka á bls. 4





FRAM Á VEG

Fjarskiptatækni og þjónusta á fjarskiptanetum skiptir miklu máli fyrir hagvöxt í nútímapjódfélagi. Upplýsinga- og fjarskiptatækni mun áfram verða í örri þróun og ein af grunnstoðum hagvaxtar. Íslendingar eru þegar í fremstu röð að nýta sér tæknina, eins og árleg skýrsla Alþjóðaefnahagsráðsins (World Economic Forum) sýnir. Af 104 þjóðum sem ráðið nær til er Ísland í 2. sæti. Það er staða sem verðugt er að viðhalda og nýta til að skapa störf og sækja fram á nýjum sviðum.

Þó svo að ekki sé hægt að fullyrða um hvað framtíðin ber í skauti sér má vel greina nokkrar meginlínur um þróun fjarskipta.

- Flutningur talsímasambands og sjónvarpsefnis er í vaxandi mæli að færast yfir á Internetið, svonefnd IP net (Internet Protocol).
- Eins og símtæknin þróast bendir allt til þess að IP

væðingin nái yfirhöndinni með lægra verði og aukinni fjölbreytni í þjónustu. Farsímakerfin munu þróast í sömu átt.

- Þau dreifikerfi sem eru fyrir hendi munu þróast og verða í notkun í mörg ár enn. Til lengri tíma litið verður þörf fyrir aukinn hraða í gagnasendingum og má ætla að ljósleiðari inn í hús verði hagkvæmasta leiðin til að tryggja þá bandbreidd sem almenningur og fyrirtæki krefjast. Með aukinni útbreiðslu IP kerfa fyrir talsíma og sjónvarpsdreifingu opnast leiðir fyrir íslensk fyrirtæki að veita þjónustu erlendis og fyrir samkeppni erlendis frá. Forsendan er að næg bandbreidd sé til útlanda á samkeppnishæfu verði.

Árið 2010 má gera ráð fyrir að samruni talþjónustu, gagnþjónustu og útvarps verði með þeim hætti að litið verði á aðgengi að háhraðatengingu sem almenn lífsgæði.

Til skemmri tíma litið má gera ráð fyrir að tengihraði á koparheimtaug dugi fyrir stafræna þjónustu sem almenningi stendur til boða nú.


Til lengri tíma litið er líklegt að uppfæra þurfi tengingar heimila til að ná að minnsta kosti 100 Mb flutningshraða í báðar áttir með nýrri DSL tækni, ljósleiðara, þráðlausri tækni eða annarri tækni sem enn er ekki þekkt. Eðlilegt er að fyrirtæki á opnum fjarskiptamarkaði leiði þessa þróun, enda er samkeppni heppilegasta leiðin til að tryggja góða og hagkvæma útbreiðslu háhraðatenginga.

Hluti landsmanna býr utan þess svæðis þar sem hagkvæmt er, út frá markaðslegum sjónarmiðum, að veita háhraðþjónustu eins og tækniforsendur eru nú. Gera má ráð fyrir að hér sé um að ræða allt að 5% heimila í landinu.

Vandi þessa hóps verður eins og staðan er í dag aðeins leystur til framtíðar með aðkomu eða stuðningi stjórnvalda samkvæmt viðmiðum um samþjónustu. En samþjónusta er nýtt hugtak sem skilgreinir markmið stjórnvalda um aðgengi að fjarskiptaþjónustu. Nánar verður fjallað um samþjónustu þegar fjarskiptaáætlun fyrir árin 2005 til 2010 verður kynnt.

Framtíðarsýn stjórnvalda er **ALNÁND** það er að segja aðgangur að þjónustu **ALLTAF, ALLS STAÐAR** og **ÓHÁÐ STAÐSETNINGU NETS**.

Íslendingar hafa einstakt tækifæri til að halda forskoti sínu á aðrar þjóðir með því að nýta upplýsinga- og fjarskiptatækni enn betur og þar með auka hagvöxt og hagsæld landsmanna.





Viðauki I

Tilvísanir frá bls. 2.

1. Það er bundið í lög að öllum landsmönnum standi til boða talsímaþjónusta, handvirk þjónusta og þjónusta við öryrkja eða notendur með sérstakar þjóðfélagsparfir.
2. Það er einnig lögbundið að öllum landsmönnum standi til boða gagnaflutningsþjónusta með 128 Kb flutningsgetu, á sama verði um allt land. Í Evrópulöggjöf um fjarskiptaþjónustu eru ekki ákvæði um gagnaflutningsþjónustu og ganga því stjórnvöld á Íslandi harðar fram í löggjöf sem tryggir hag neytenda. Stjórnvöld hafa falið Símanum að tryggja þessa þjónustu. Í dag eru öll heimili á landinu með talsímaþjónustu og öll heimili, utan 70 sveitabæja, njóta 128 Kb tengihraða. Verið er að kanna hvaða leiðir eru færar til að tengja umrædda sveitabæi, en kostnaður við hverja tengingu getur numið á aðra milljón króna.
3. Reynslan sýnir að markaðsöflin sjá sér hag í að veita fjarskiptaþjónustu til 90% til 98% landsmanna eftir tegund þjónustu. Dæmi um þetta eru ADSL-þjónusta, GSM farsímaþjónusta og dreifing sjónvarps. Aðkoma ríkisins afmarkast því við þau verkefni þar sem markaðurinn sér ekki hag í að veita ásættanlega þjónustu og verð. Í fjarskiptaáætlun fyrir árin 2005 til 2010 eru skilgreind ný og metnaðarfyllri lágmarksviðmið fyrir fjarskiptaþjónustu en áður hefur þekkt. Stjórnvöld vilja með því flyta uppbyggingu

þjónustu þar sem hún er lökust, það er að segja í strjálbýli, á miðum og á ferðamannastöðum. Hættu er talin á því að landsbyggðin sitji eftir í örri þróun fjarskipta eða að uppbygging þar verði dýrari en ella. Því eru sett fram samræmd markmið um lágmarksþjónustu sem fullnægir kröfum nútímasamfélags þar ber hæst að öllum landsmönnum standi til boða háhraðatenging á heimili sínu fyrir árið 2007.

4. Fjarskiptafyrirtæki eiga rétt á að leigja aðgang að heimitaug til notenda af fyrirtækjum sem teljast með markaðsráðandi stöðu samkvæmt viðmiðum samkeppnisréttar. Heimitaug skal leigð öðrum fjarskiptafyrirtækjum á kostnaðarverði.
5. Rekstraraðilar almennra fjarskiptaneta eru skyldugir til að hleypa keppninautum að netum sínum. Gjaldtaka rekstraraðila með umtalsverða markaðshlutdeild, Síminn og Og fjarskipti, verður að byggja á kostnaði að viðbættri hæfilegri álagningu. Póst- og fjarskiptastofnun er ætlað að hafa eftirlit með því.
6. Farsímafyrirtæki eiga rétt á aðgangi að farsímanetum annarra farsímafyrirtækja þegar ekki verður ráðist í uppsetningu og rekstur farsímastöðva. Á þetta t.d. við um þar sem aðstæður við uppsetningu og rekstur farsímastöðvar eru sérstaklega erfiðar. Póst- og fjarskiptastofnun hefur t.d. ákveðið að Síminn veiti Og fjarskiptum aðgang að farsímastöðvum félagsins á landsbyggðinni þar sem Og fjarskipti hefur ekki byggt upp sitt eigið farsímanet.
7. Ákvæði laga um númeraflutning auðvelda viðskiptavinum fjarskiptafyrirtækja að flytja viðskipti til annarra fjarskiptafyrirtækja, enda kallar slíkur flutningur ekki á breytt símanúmer.
8. Innkoma einstaklinga og fyrirtækja á markað er auðveld. Í dag er t.d. ekki krafist rekstrarleyfis til að stunda fjarskiptastarfsemi, en fjarskiptafyrirtækin starfa eftir almennum heimildum.
9. Hér á landi hefur verið byggt upp traust lagaumhverfi og öflug samkeppni á fjarskiptamarkaði ásamt virku eftirliti til að tryggja

eðlilegt markaðsumhverfi. Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með því að Síminn virði þær reglur. Eftirlit Póst- og fjarskiptastofnunar mun í engu breytast við einkavæðingu Símans, ef frá er talið að styrkja á stofnunina, strax á þessu ári, m.a. með því að fjölga starfsmönnum. Að sama skapi fylgist Samkeppnisstofnun með því að virk samkeppni ríki á markaði. Til stendur að efla stofnunina svo hún verði betur í stakk búin til að bregðast við ef hag neytenda er á einhvern hátt stefnt í voða.

Í skýrslu OECD er talið að skynsamlegt sé að halda áfram við að bæta gildandi regluverk, og það stutt með viðurlögum til að taka á ósamkeppnishæfri mismunun. Íslensk stjórnvöld munu í hvívetna standa vörð um hagsmuni allra landsmanna hvað varðar fjarskiptamál og treysta allar reglur sé þess þörf.

Vefrit samgönguráðuneytis. 6. tbl. - Apríl 2005.

Ábm: Ragnhildur Hjaltadóttir
Umsjón: Ingilín Kristmannsdóttir
ingilin.kristmannsdottir@sam.stjr.is
Veffang samgönguráðuneytis:
www.samgonguraduneyti.is

